

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Ársskýrsla 2018

Ársskýrsla 2018

Heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

PolitikNord: 2019:737

ISBN 978-92-893-6380-8 (PDF)

<http://dx.doi.org/10.6027/PN2019-737>

© Norræna ráðherranefndin 2019

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Yfirlýsing yfirstjórnar.....	5
Ársskýrsla yfirstjórnar.....	7
Fjármál.....	8
Samkomulagi við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun ársins 2018 fylgt eftir.....	9
Samningaviðræður við Norðurlandaráð um framkvæmd samkomulags um fjárhagsáætlunina:.....	9
Helstu lykiltölur.....	11
Reikningskilareglur.....	13
Almennt.....	13
Framsetning ársreiknings.....	13
Rekstrarreikningur.....	13
Efnahagsreikningurinn.....	14
Greining á fjárstreymi.....	16
Rekstrarreikningur.....	17
Efnahagsreikningur þann 31. desember.....	19

Yfirlýsing yfirstjórnar

Framkvæmdastjóri Norrænu

ráðherranefndarinnar og yfirmaður stjórnsýsludeildar Norrænu ráðherranefndarinnar hafa í dag fjallað um og samþykkt ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018.

Hér með tilkynnist að skýrslan er í samræmi við fjárhagsreglugerð Norrænu ráðherranefndarinnar og fyrirmæli sem Norræna ráðherranefndin hefur samið. Auk þess tilkynnist:

- að ársskýrslan gefur rétta mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarútkomu Norrænu ráðherranefndarinnar. Ársskýrslan inniheldur hvorki rangar né villandi upplýsingar eða úrfellingar að neinu marki og greint er frá settum og náðum markmiðum á fullnægjandi hátt;
- að þær aðgerðir sem ársreikningurinn nær yfir eru í samræmi við fjárveitingar, lög og önnur fyrirmæli svo og við gerða samninga og viðteknar venjur og
- að komið hefur verið á fyrirkomulagi sem tryggir fjárhagslega hagkvæma stjórnun þeirra sjóða og í rekstri þeirrar stofnunar sem ársskýrslan fjallar um.

Kaupmannahöfn, 17. júní 2019

Paula Lehtomäki
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Michael Elkjær Pedersen
deildarstjóri, Norrænu ráðherranefndinni

Ársskýrsla yfirstjórnar

Nú er uppsveifla í norrænni samvinnu. Á undanförnum fimm árum hefur verið unnið markvisst að því að nútímavæða samstarfið og hagræða því. Umbótaáætlunin „Nytt Norden“ skilaði sér í því að starfið fer nú fram á sviðum þar sem pólitískt vægi þess er meira en nokkru sinni fyrr. Umbótastarfið hefur verið metið og niðurstöðurnar eru jákvæðar. Þær sýna að Nytt Norden hefur aukið nytsemi samstarfsins, fyrir stjórnvöld, almenning í löndunum og atvinnulífið á Norðurlöndum. Samfara meiri skilvirkni aukast væntingar landanna til samstarfsins. Stjórnvöld gera meiri kröfur til Norrænu ráðherranefndarinnar en áður, þörf er á nánari samvinnu og búið er við að hún skili árangri.

Samstarfið á sviði stafræna umskipta er gott dæmi um þær breytingar sem orðið hafa. Ráðherranefnd um stafræna væðingu var sett á laggirnar 2017 og frá byrjun var því slegið föstu að hún lyki störfum á árinu 2020. Forsætisráðherrarnir ákváðu markmið starfsins en á fundi þeirra í Örnköldsvík í maí 2018 lýstu þeir því yfir að Norðurlöndin ættu að vera leiðandi í heiminum í þróun og notkun 5G-netsins og jafnframt að styðja á virkan hátt við þróun og notkun tækni sem byggist á 5G. Út frá þessu var samin framkvæmdaáætlun fyrir samstarfið um stafræna væðingu.

Framkvæmdaáætlunin inniheldur aðallega aðgerðir sem eiga að tryggja svæðisbundna samræmingu á tíðni og tíðnirófi fyrir prófanir og notkun 5G-tækni þvert á landamæri. Þrátt fyrir smæð landanna geta þau í sameiningu látið að sér kveða á alþjóðlegum mörkuðum og laðað að erlendar fjárfestingar til Norðurlandanna. Eflöndin eiga að verða leiðandi 5G-svæði í heiminum verður að ganga úr skugga um að háþrúð þrófunaraðstaða og nýsköpunarumhverfi sé fyrir hendi. Löndin verða stöðugt að vinna saman og nýta styrkleika sína.

Stefnumarkandi úttektir hafa verið mikilvæg tæki til að marka nýja og skýrari stefnu í starfinu. Norræna ráðherranefndin fól óháðum sérfræðingum að kanna leiðir til að þróa samstarfið í heilbrigðismálum, umhverfismálum og orkumálum og nú síðast á sviði félagsmála á árinu 2018. Árni Páll Árnason, fyrrverandi félags- og tryggingamála-ráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra Íslands, lagði fram fjórtán tillögur að nýjum samstarfsleiðum. Hann benti á veikan þekkingargrunn á hinu félagslega sviði sem væri sameiginleg áskorun Norðurlandanna. Hann nefndi einnig mikilvægi fjárfestingar í félagslegum aðgerðum jafnframt því að þróa og nýta þekkingu á aðgerðum sem skila raunverulegum árangri. Þá lagði Árni Páll til að settur yrði á laggirnar vettvangur um norrænt samstarf í félagsmálum. Vettvangur þar sem löndin gætu skipst jafnt og þétt á norrænni þekkingu og rætt samstarf um aðgerðir sem virka.

Greiningardeild á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar tók til starfa á árinu 2017 og gefur út skýrslur sem vekja mikla athygli á Norðurlöndum og víðar um heim. Skýrslan „Skuggan av lyckan“ (Skuggi hamingjunnar) dregur í efa þá mynd af Norðurlöndum að þar búi hamingjusamasta fólk í heimi. Skýrslan var jafnframt

eftirsóttasta rit ráðherranefndarinnar á netinu á árinu 2018. Hún hlaut meðal annars umfjöllun í The Guardian, New York Times, BBC og Washington Post, einnig í fjölmiðlum á Indlandi, í Ástralíu, Kólumbíu og Taívan.

Annað dæmi um áhuga umheimsins á Norðurlöndum og norrænum gildum eru vinsældir verkefnis sem felst í að kynna Norðurlönd og marka þeim stöðu á alþjóðavettvangi. 59 viðburðir og verkefni í 22 löndum víða um heim með aðkomu 96 norrænna sendiráða fengu styrki úr verkefninu á árinu 2018.

Afnám stjórnsýsluhindrana milli Norðurlandanna er kjarninn í samstarfinu. Stjórnsýsluhindranaráðið fékk nýtt starfsumboð á árinu 2018 en því er ætlað að leysa úr 8-12 stjórnsýsluhindrunum á ári. Á formennskuári Svíþjóðar 2018 ákvað Stjórnsýsluhindranaráðið að einbeita sér að hindrunum sem höfðu legið á borði þeirra í lengri tíma án þess að hlutaðeigandi ráðuneytum hafi tekist að leysa þær. Sú forgangsroðun leiddi til þess að hlutaðeigandi ráðuneyti fundu lausn á fimmtán hindrunum en ein hindrun var afskrifuð sem óleysanleg.

Á heildina litið verður 2018 minnst sem góðæris í norrænu samstarfi. Norðurlöndin sem svæði en einnig þau gildi og sú stefna sem samstarf landanna byggist á hafa vakið mikla athygli, á Norðurlöndum og víðar um heim. Nýr neisti og ný orka geta, ef þeim er haldið við af áhugasömu og marksæknu stjórnmalafólki, leitt til töluverðra framfara, einnig á komandi árum.

Fjármál

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar fer fram í ellefu fagráðherranefndum. Ráðherranefndirnar fylgja eigin stefnu og áætlunum en starfið er fjármagnað samkvæmt fjárhagsáætluninni. Fjárveitingum er skipt niður á fagráðherranefndirnar og greint er frá störfum þeirra í ársskýrslunni.

Hrein útgjöld Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2018 námu samtals 956,5 m. DKK, en heildartekjurnar voru 962,5 m. DKK. Útkoma ársins nam því 11,6 m. DKK (2017 var útkoman 10,4 m. DKK). Helmingur hagnaðarins er til kominn vegna þess að fjárveitingar til verkefna fynast ef þær eru ekki nýttar innan þeirra þriggja ára sem fjárhagsreglugerðin kveður á um. Hinn helminginn má rekja til gengishagnaðar.

Lausafjárstaðan á árinu 2018 var á stundum aðþrengd, meðal annars vegna þess að verkefni hófust fyrr á árinu eftir að breytingar voru gerðar á verkefnastjórnun í nútímavæðingarferlinu.

Ef ráðstöfunarfé í fjárhagsáætlun nýtist ekki á umræddu fjárhagsári telst það óráðstafað. Óráðstafað fé á árinu nam 15 m. DKK eða 1,6% af fjárhagsáætlun ársins (2017 nam óráðstafað fé 12,3 m. DKK eða 1,3%).

Samkomulagi við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun ársins 2018 fylgt eftir

Samningaviðræður við Norðurlandaráð um framkvæmd samkomulags um fjárhagsáætlunina:

Á haustdögum 2017 hófust pólitískar viðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlunartillögu ráðherranefndarinnar. Þeim lyktaði með eftirfarandi breytingum / nánari útfærslum á fjárhagsáætlun ársins 2018:

Að heilbrigði fylgdarlausra barna á flóttu, einkum geðheilsa verði tekin með í fjárhagsáætlunina.

Ákveðið var að verja 500 þús. DKK úr fjárhagsáætlun ársins 2018 í samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda, til rannsókna á heilbrigðisástandi, einkum andlegri heilsu, vegalausra barna undir lögdri. Verkefnið kemur til framkvæmdar á árinu 2019 en Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) er umsýslustofnun þess. Kortlögð verður fyrirbyggjandi þekking á heilbrigðisástandi vegalausra barna undir lögdri, einkum andlegri heilsu þeirra. Einnig verða kortlögð góð verkefni og aðgerðir á Norðurlöndum í því skyni að bæta hag þessa hóps. Sú þekking verður tekin saman í skýrslu sem verður lögð fram á árinu 2019.

Að verja allt að 500 þús. DKK í bakgrunnsrannsókn á þátttöku Norðurlandanna í alþjóðlegu friðar- og sáttastarfi, þar á meðal viðleitni þeirra til að auka þátttöku og áhrif kvenna í friðar- og öryggismálastarfi.

Að loknu umsóknarferli hlaut Centre for Resolution of International Conflicts (CRIC) við Kaupmannahafnarháskóla það verkefni að vinna kortlagningu á norrænu friðarstarfi. Niðurstöðurnar á að birta í skýrslu með áherslu á þrjá þætti: 1) norrænt friðarstarf sem vörumerki, 2) stöðuna í friðarstarfi norrænu landanna og möguleika á nánara samstarfi og 3) pólitíska dagskrá fyrir konur, frið og öryggismál. Ráðgert er að afhenda skýrsluna hlutaðeigandi hagsmunaaðilum í mars og apríl 2020.

Að verja fjármagni í að kortleggja hvernig gera má norræna ljósvakamiðla í almannapjónustu aðgengilega alls staðar á Norðurlöndum, þar á meðal að skoða lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum.

Árið 2018 hóf Norræna ráðherranefndin greiningu á því hvernig auka má aðgengi að stafrænu sjónvarpsefni norrænna almannapjónustustöðva á öllum Norðurlöndum. Skýrslan verður afhent Norrænu ráðherranefndinni í byrjun árs 2019. Ráðherranefndin um menningarmál mun styðjast við niðurstöður hennar við afgreiðslu málsins.

Að verja fjármagni í ítarlega úttekt á norrænu starfi um siglingahættur og umhverfisöryggi í siglingum á norðurslóðum.

Norræna ráðherranefndin hefur ráðstafað allt að 250 þús. DKK til rannsóknar og skýrslu sem afhent verður á seinni helmingi ársins 2019. Verkefnisfénu verður úthlutað út frá pólitískum áherslum í samstarfsáætlun um málefni norðurslóða. Skýrslan sem umræðugrundvöllur á þingi Norðurlandaráðs í október 2019.

Að Norðurlandaráð fari fram á að fá hið fyrsta til afgreiðslu ráðherranefndartillögu um langtímafjármögnun fimm samstarfsstofnana á sviði menntamála. Áður en afgreiðslu lýkur vill ráðið þó standa fast við að fjárveiting Norrænu Samastofnunarinnar (NSI) haldist óbreytt miðað við 2017.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) samþykkti í janúar 2018 ráðherranefndartillögu um „afnám beinnar fjármögnunar norrænu samstarfsstofnananna í áföngum“. Tillagan nær ekki til Norrænu Samastofnunarinnar (NSI). Norræn fjármögnun á árinu 2018 hélst óbreytt miðað við 2017. Þegar ljóst var að ekki var lengur einróma stuðningur við tillögu ráðherranefndarinnar var ákveðið að leggja hana ekki fyrir Norðurlandaráð á árinu 2018.

Í framhaldinu fjallaði embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) á þriðja og fjórða fundi nefndarinnar 2018 um forsendur fjármögnunar umræddra samstarfsstofnana. Embættismannanefndin (EK-U) ákvað á þriðja fundi sínum 2018 að framlengja rammisamninga við gistiháskólana/ samstarfsstofnanirnar til ársloka 2019. Embættismannanefndin (EK-U) samþykkti á fjórða fundi sínum 2018 að lagður skyldi grunnur að samkomulagi um framtíðarfjármögnun norrænu samstarfsstofnananna. Samningamaður á vegum ráðherranefndarinnar skyldi leggja grunn að samkomulagi um möguleika á fjármögnun umræddra stofnana. Grunnurinn að samkomulagi yrði afhentur ráðherranefndinni eigi síðar en 1. apríl 2019.

Helstu lykiltölur

Útvaldar lykiltölur Norrænu ráðherranefndarinnar frá undanförunum fjórum árum:

	2018	2017	2016	2015
Útgjaldarammi				
Fjárhagsáætlun ársins (þús. DKK)	950.862	935.091	927.547	931.782
Tekjur (þús. DKK)				
– Danmörk	197.783	186.161	177.441	183.636
– Finnland	150.915	145.611	143.599	142.318
– Ísland	9.374	8.294	7.317	6.427
– Noregur	283.083	292.144	295.431	289.227
– Svíþjóð	296.206	289.380	290.857	296.573
– Gjöld af launum, vextir og aðrar tekjur	25.169	23.955	23.099	32.958
Alls	962.530	945.545	937.744	951.139
Rekstrarútkoma ársins				
Tekjur að fráðregnum útgjaldaramma	11.669	10.454	10.199	19.357
Framlög landanna – hlutdeild landanna				
– Danmörk	21,1%	20,2%	19,4%	20,0%
– Finnland	16,1%	15,8%	15,7%	15,5%
– Ísland	1,0%	0,9%	0,8%	0,7%
– Noregur	30,2%	31,7%	32,3%	31,5%
– Svíþjóð	31,6%	31,4%	31,8%	32,3%
Afgangur 31.12				
Óráðstafað fé	15.048	12.341	11.182	17.623
Handbært fé	154.898	203.753	186.871	182.655
Eigið fé	-108.331	-109.546	-109.801	-100.643
Annað				
Óráðstafað fé, % af fjárhagsáætlun ársins	1,6%	1,3%	1,2%	1,9%
Rekstur skrifstofu, % af fjárhagsáætlun ársins	9,3%	9,0%	8,4%	8,3%
Fjöldi stofnana	12	12	12	13
Fjöldi starfsfólks á norrænum kjörum	102	99	93	97
– þar af konur	57	60	56	57
– þar af karlar	45	39	37	40

Reikningsskilareglur

Almennt

Norræna ráðherranefndin byggir ársreikninginn á þeirri aðlöguðu reikningsskilaaðferð að öll útgjöld og tekjur eru færð á því fjárhagsári sem þau tilheyra. Er þetta óbreytt frá fyrri árum.

Ársreikningurinn er unninn í samræmi við ákvæði um reikningsskil í fjárhagsreglugerð Norrænu ráðherranefndarinnar. Reikningsskilaaðferðir, þar á meðal matsaðferðir, eru óbreyttar frá fyrri árum.

Framsetning ársreiknings

Framsetning ársreikningsins tekur mið af tilteknum starfssviðum og endurspeglar áherslur í fjárveitingum. Þyki ástæða til er greint nánar frá rekstri tiltekinna sviða í neðanmálsgrein. Fjárlagaliðir skiptast í fjárveitingar til verkefna, áætlana, stofnana og félagasamtaka.

Rekstrarreikningur

Afmörkun

Allar tekjur og gjöld á tilteknu tímabili eru tekin með í rekstrarreikningi án tillits til greiðsludagsetningar.

Millifærslur í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar í danskar krónur á gengi millifærsludagsins. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar í danskar krónur á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins. Gengissveiflur frá millifærsludegi til dagsetningar efnahagsreiknings eru teknar með í rekstrarreikningi.

Greiðslur frá norrænu löndunum

Framlög landanna til heildarfjárhagsáætlunarinnar eru ákveðin út frá hlutdeild þeirra í samanlögðum vergum þjóðartekjum landanna. Framlög landanna samsvara heildarfjárhagsrammanum að fráðregnum gjöldum af launum, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum.

Endurgreitt fé (úrelt)

Fé sem hefur ekki verið notað áður en þrjú ár eru liðin frá fjárveitingu (úrelt fé) er endurgreitt löndunum í samræmi við fjárhagsreglugerð Norrænu ráðherranefndarinnar. Greiðslan er innt af hendi um leið og endurgreiðsla á afkomu ársins ef samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun þar að lútandi um leið og þeir samþykkja ársskýrsluna.

Afgangsfé

Afgangsfé er það sem eftir er af fjárveitingu til tiltekinnar starfsemi ef kostnaður varð minni en ætlað var eða ef hún kom ekki til framkvæmdar. Allt afgangsfé sem er ekki úrelt samkvæmt þriggja ára reglunni er notað á starfsárinu.

Gjöld af launum

Starfsfólk Norrænu ráðherranefndarinnar greiðir gjöld af launum sínum samkvæmt innra gjaldakerfi. Gjöldin renna til fjármögnunar á útgjaldaramma sem hefur verið ákveðinn fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru fjárlagaliðir sem varða meginstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar óbeint, til að mynda gengisleiðréttingar.

Óráðstafað fé/yfirfært fé

Ónotað fé í fjárhagsáætlun ársins (óráðstafað fé) er yfirfært til starfsemi næsta árs sem yfirfært fé. Samkvæmt fjárhagsreglugerðinni er ekki heimilt að yfirfæra meira en 15% af fjárhagsáætlun ársins milli ára.

Rekstrarútkoma ársins

Afkoma ársins er þegar raunveruleg upphæð fjárlagaliða er dregið frá upphæð fjárveitingar en það geta verið gjöld af launum, vaxtatekjur, aðrar tekjur og úrelt fé.

Efnahagsreikningurinn

Handbært fé

Handbært fé er innistæða í banka. Handbært fé í erlendum gjaldmiðli er umreiknað í danskar krónur á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins.

Kröfur

Viðskiptakröfur eru að öllu jöfnu færðar á nafnverði. Ef þörf krefur eru þær afskrifaðar þegar lagt hefur verið einstaklingsbundið mat á tapsáhættuna.

Viðskiptareikningar við ESB / verkefnaskuldir ytri ESB-verkefna

Viðskiptareikningar við ESB varða gerðan samning um rekstur verkefnanna Civil Society Stability for Belarus (CSSB) og Open Europe Scholarship Scheme (OESS). Skuldbindingar og viðskiptakröfur vegna umræddra samninga eru teknar með í efnahagsreikninginn. Viðskiptakröfurnar eru afskrifaðar þegar Norrænu ráðherranefndinni berast greiðslur frá ESB en skuldbindingarnar eru afskrifaðar þegar féð hefur verið innt af hendi til verkefnanna.

Bráðabirgðaliðir

Bráðabirgðaliðir undir tekjum eru greiddur kostnaður vegna næsta starfsárs. Íðulega er um að ræða fyrirframgreidda leigu, afnotagjöld og annað. Þar er einnig að finna kröfur til landanna vegna tryggingarheimilda sem færðar eru sem skammtímaskuldir.

Birgjaskuldir og aðrar skuldir

Skuldir til birgja eru færðar á nafnverði. Skuldir í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar á gengi dagsetningar efnahagsreikningsins.

Fé sem er lagt til hliðar

Fé er lagt til hliðar þegar Norræna ráðherranefndin hefur tekið á sig skuldbindingu sem ætla má að krefjist fjármagns. Sú upphæð sem lögð er fyrir samsvarar þeirri upphæð sem gert er ráð fyrir að skuldbindingin krefjist.

Fjárfestingar

Allar fjárfestingar í fastafjármunum eru gjaldfærðar að fullu á öflunarárinu.

Yfirfært fjármagn

Þegar um er að ræða lágar upphæðir (óráðstafað fé) á fjárlagaliðum er heimilt að yfirfæra upphæð sem nemur allt að 15% af fjárveitingu ársins til næsta fjárhagsárs. Ef umræddur fjárlagaliður er lægri en 1 m. DKK má yfirfæra allt að 150 þús. DKK án þess að fjárveitingin skerðist. Ef fé undir fjárlagalið er yfirfært milli fjárhagsára er það gert í samræmi við grunnregluna um að elsta féð er nýtt fyrst (FIFO=fyrst inn fyrst út).

Óráðstafað fé sem er ekki hægt að yfirfæra milli ára vegna fyrrnefnds ákvæðis er endurgreitt löndunum þar til Norræna ráðherranefndin hefur endurgreitt samtals 35 m. DKK. Núverandi skiptiregla tók gildi 2008.

Tryggingarheimild

Í undantekningartilvikum er hægt að veita norrænum stofnunum heimild til að binda fé í fjárhagsáætlun komandi árs og tryggir ráðherranefndin þá fjármagnið upp að ákveðnu marki. Sá hluti tryggingarheimildarinnar sem stofnunin skuldbindur sig til er færður sem skuld í efnahagsreikningi ráðherranefndarinnar en jafnhá upphæð er færð sem viðskiptakrafa til landanna sem bráðabirgðaliður. Við óbreyttan rekstur mun hvorki reyna á tryggingarheimild né viðskiptakröfu til landanna.

Greining á fjárstreymi

Við greiningu á fjárstreymi er svonefndri óbeinni aðferð beitt, lausafjárstaða samsvarar innistæðu í banka.

Rekstrarreikningur

TEKJUR	Aths.	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
(þús. DKK)				
Löndin				
Framlög norrænu landanna	1	937.362	937.362	921.591
Aðrar tekjur				
Afgangsfé (úrelt)	2	5.428	0	5.536
Gjöld af launum		14.368	13.500	13.455
Vaxtatekjur	3	320	0	0
Aðrar tekjur	3	4.618	0	4.923
Niðurskurður samkvæmt 15%-reglunni	4, 22	845	0	422
<i>Alls tekjur</i>		<i>962.941</i>	<i>950.862</i>	<i>945.927</i>
Gengistap, vaxtagjöld og annar kostnaður		-411	0	-382
<i>Nettó fjármögnun starfsemi á árinu</i>		<i>962.530</i>	<i>950.862</i>	<i>945.545</i>
Útgjöld				
Verkefni	5	156.471	141.900	160.412
Áætlanir	6	423.521	404.731	406.667
Stofnanir	7	282.759	282.759	273.835
Félagasamtök	8	24.983	25.024	24.979
Afgangsfé (ekki úrelt)	9	-35.807	0	-27.018
Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Rússlandi og	10	15.795	16.015	15.814
Eystrasaltsríkjunum				
Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn	11, 12	88.813	80.433	84.367
Útgáfudeild ráðherranefndarinnar	13	-11	-96	-76
<i>Alls útgjöld</i>		<i>956.524</i>	<i>950.766</i>	<i>938.980</i>
Breyting yfirfært fjármagn				
Skrifstofa, útgáfa, samskiptasvið	14	-8.370	0	-5.047
Óráðstafað fé	15	2.707	0	1.159
			0	
<i>Alls breyting yfirfært fjármagn</i>		<i>-5.663</i>	<i>0</i>	<i>-3.888</i>
<i>Afkoma ársins</i>	<i>16</i>	<i>11.669</i>	<i>0</i>	<i>10.454</i>

Aths.: Hrein útgjöld (að frátöldum vöxtum) á árinu 2018 námu samtals 939 m. DKK (2017: 939 m. DKK).

Efnahagsreikningur þann 31. desember

(þús. DKK)	Aths.	2018	2017
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Handbært fé			
Innistæða í banka	17	154.898	203.753
		154.898	203.753
Kröfur			
Kröfur starfsfólks		33	202
Fyrirframgreidd laun	18	3.828	3.615
Aðrar kröfur	19	9.860	5.820
Viðskiptareikningur við EHU Trust Fund		0	0
Viðskiptareikningur við ESB		0	0
Bráðabirgðaliðir	20,22	5.802	10.019
		19.523	19.657
ALLS VELTUFJÁRMUNIR		173.181	223.409
ALLS EIGNIR		174.421	223.409

Aths.: Þann 31.12.2108 nam handbært fé alls 155 m. DKK (2017: 204 m. DKK). Samstarfsráðherrarnir ákváðu árið 2007 að minnka handbært fé um 70 m. DKK með því að lækka framlög landanna á árinu 2008. Samstarfsráðherrarnir ákváðu að halda handbæru fjármagni í lágmarki með því að löndin inntu greiðslur af hendi átta sinnum á ári, það er í byrjun og lok hvers ársfjórðungs.

(þús. DKK)	Aths.	2018	2017
Skuldir			
Eigið fé	21		
Rekstrarútkoma ársins		10.824	10.032
Endurgreiðsla á auknum ramma		845	422
Lækkuð framlög		-70.000	-70.000
Eldri afskrifaðar kröfur til landanna		-50.000	-50.000
<i>Alls eigið fé</i>		<i>-108.331</i>	<i>-109.546</i>
Yfirfært fjármagn			
Óráðstafað fé	15	15.047	12.341
Ónotað fé (skrifstofa og útgáfa)	14	12.227	20.596
<i>Alls yfirfært fjármagn</i>		<i>27.274</i>	<i>32.937</i>
Skammtímaskuld			
Birgjar		8.686	20.150
Ógreiddur kostnaður	22	557	1.531
Tryggingarheimild	23	3.600	5.523
Skuldbindingar vegna starfsfólks		4.094	5.020
Fé sem er lagt til hliðar	24	2.900	10.697
Skuldir verkefna – ESB-verkefni	25	3.164	2.373
Skuldir verkefna – verkefni ráðherranefndarinnar	19,26	232.476	254.724
<i>Alls skammtímaskuldir</i>		<i>255.478</i>	<i>300.018</i>
<i>Alls skuldir</i>		<i>174.421</i>	<i>223.409</i>
Nánari upplýsingar	27		

Aths.: Handbært fé Norrænu ráðherranefndarinnar þann 31.12.2018 nam alls –108 m. DKK. Neikvæð eiginfjárstaða er til komin vegna fyrrnefndra skerðinga á framlögum og fyrri afskrifta á kröfum til landanna. Við það bætist útkoma ársins. Samkvæmt fjárhagsreglugerðinni á neikvæð eiginfjárstaða að jafnast út með greiðslum frá löndunum þegar lausafjárstaðan krefst þess.

Óráðstafað fé við árslok 2018 nam alls 15 m. DKK og er sú upphæð hærri en á fyrra ári (2017: 12,3 m. DKK).



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org